

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 38/96  
frá 5. júlí 1996**

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/96 frá 5. júní 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/11/EB frá 4. maí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 87/153/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„- 395 L 0011: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/11/EB frá 4. maí 1995 (Stjtið. EB nr. L 106, 11. 5. 1995, bls. 23).“.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 106, 11. 5. 1995, bls. 23.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/11/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. september 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. júlí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

P. Benavides

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner